

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000 (skipting þingsæta).

Flm.: Þór Saari.

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Þingsæti eru 63 og skiptast þannig milli kjördæma:

Norðvesturkjördæmi	6 þingsæti, öll kjördæmissæti.
Norðausturkjördæmi	8 þingsæti þar af 7 kjördæmissæti og 1 jöfnunarsæti.
Suðurkjördæmi	9 þingsæti, þar af 8 kjördæmissæti og 1 jöfnunarsæti.
Suðvesturkjördæmi	16 þingsæti, þar af 14 kjördæmissæti og 2 jöfnunarsæti.
Reykjavíkurborg	12 þingsæti, þar af 10 kjördæmissæti og 2 jöfnunarsæti.
Reykjavíkurborg norður	12 þingsæti, þar af 10 kjördæmissæti og 2 jöfnunarsæti.

Þrátt fyrir 1. mgr. getur landskjörstjórn breytt fjölda kjördæmissæta í hverju kjördæmi í samræmi við 9. gr.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Eftir hverjar alþingiskosningar skal landskjörstjórn skipta kjördæmissætum milli kjördæma fyrir næstu þingskosningar. Þingsætum, að meðtöldum jöfnunarsætum skv. 1. mgr. 8. gr., skal skipt í réttu hlutfalli við tölu kjósenda á kjörskrá að baki hverju þingsæti í nýafstöðnum kosningum. Stærstu leifar ráða úthlutun síðustu þingsæta.

Við skiptingu þingsæta skv. 1. mgr. skal þess gætt að ekkert kjördæmi hljóti færri en sex kjördæmissæti, sbr. 3. mgr. 31. gr. stjórnarskrár.

Landskjörstjórn auglýsir skiptingu þingsæta í Stjórnartíðindum jafnskjótt og hún hefur verið gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til grundvallarbreytingar á kosningalögum. Lögð er til ný skipting þingsæta milli kjördæma. Ekki eru gerðar breytingar á kjördæmaskipaninni sjálfri heldur eru kjördæmin látin halda sér. Þetta er gert í þeim tilgangi að ná fram fullum jöfnuði í vægi atkvæða auk þess að tryggja aukið gegnsæi kosningareglanna. Með þessum breytingum er tryggt að öll framboð standa jöfn að vígi í hverju kjördæmi fyrir sig.